

SAMÞYKKT

um hænsnahald í þéttbýli Skútustaðahrepps.

1. gr.

Gildissvið og markmið.

Samþykkt þessi gildir um hænsnahald í Skútustaðahreppi á svæðum öðrum en skipulögðum landbúnaðarsvæðum og skráðum lögbýlum. Samþykkt þessi er sett til að tryggja öryggi, hollustuhætti, góða umgengni og fullnægjandi mengunarvarnir vegna hænsnahalda í þéttbýli Skútustaðahrepps.

Matvælastofnun fer með mál er varða lög um velferð dýra samkvæmt lögum nr. 55/2013, um velferð dýra.

2. gr.

Leyfisveitingar.

Hænsnahald er háð leyfi sveitarstjórnar Skútustaðahrepps. Sótt skal um leyfi á skrifstofu hreppsins á eyðublöðum sem þar fást. Telji sveitarstjórn að skilyrðum fyrir hænsnahaldi sé fullnægt, getur hún veitt lögráða einstaklingi eða lögaðila leyfi til allt að fimm ára. Leyfilegt er að halda allt að sex hænsni á hverri lóð. Óheimilt er með öllu að halda hana.

3. gr.

Lausaganga.

Lausaganga hænsna er með öllu bönnuð og ber hænsnaeigandi fulla vörluskyldu. Hænsnaeigandi er að öllu leyti ábyrgur fyrir hænsnum sínum og ber að koma í veg fyrir að hænsnahaldið valdi ónæði í umhverfinu, svo sem vegna hávaða, ólyktar og hvers konar óþrifnaðar.

4. gr.

Handsömun.

Sleppi hæna frá eiganda eða umráðamanni, skal viðkomandi tafarlaust gera ráðstafanir til að handsama fuglinn. Hænsni í lausagöngu skal færa til geymslu í áhaldahús Skútustaðahrepps. Ef hænsna er ekki vitjað innan tveggja sólarhringa frá handsömun er heimilt að ráðstafa þeim til nýs eiganda eða selja fyrir áföllnum kostnaði. Að öðrum kosti skulu hænsnin aflífuð.

5. gr.

Skil á handsömuðum fugli.

Hafi hænsni verið handsamað er óheimilt að afhenda það til eiganda eða umráðamanns nema gegn framvísun gilda leyfis fyrir hænsnahaldi auk greiðslu áfallins kostnaðar. Sé eigandi ekki með leyfi er heimilt að ráðstafa hænsnum til nýs eiganda eða selja fyrir áföllnum kostnaði. Að öðrum kosti skulu hænsnin aflífuð. Kostnaður við handsömun, geymslu og aflífun skal að fullu greiddur af eiganda.

6. gr.

Ónæði.

Til að koma í veg fyrir ónæði vegna hávaða skal hafa myrkur hjá hænsnum frá kl. 21.00 að kvöldi til 7.00 að morgni alla daga.

Þrífa þarf kofa reglulega. Skít skal fjarlægja og hann má ekki safnast upp. Hænsnaskít skal nýta eða farga á löglegan hátt. Þegar mokað er út úr húsunum skal koma hænsnaskítinum fyrir í lokuðum ílátum þannig að hann valdi ekki lyktarmengun. Þegar hænsnaskítur er nýttur sem áburður skal plægja eða stinga hann niður þannig að skíturinn liggi ekki á yfirborði jarðvegs. Ef ekki er unnt að nýta skít skal flytja hann í lokuðum umbúðum á móttökustöð fyrir lífrænan úrgang.

7. gr.

Kofar fyrir hænsni.

Á lóðum þar sem leyfi er veitt til hænsnahalda þarf að vera hæfilega stór kofi sem rúmar þann fjölda hænsna sem leyfi er veitt fyrir. Kofi fyrir 6 hænur þarf að vera að lágmarki 3 m^2 að stærð. Kofi skal vera meindýraheldur og fóður skal geyma í meindýraheldum ílátum. Í kringum hænsna-

kofann skal vera hænsnahelt gerði, hæfilega stórt fyrir útiveru hænsnanna. Hænsnakofi og gerði skulu vera a.m.k. 3 m frá lóðarmörkum.

8. gr.

Afturkóllun leyfis.

Sveitarstjórn getur afturkallað leyfi til hænsnahalds samkvæmt samþykkt þessari ef hænsnahaldið veldur ónæði í umhverfinu, ofnæmi, leyfishafi hefur gerst brotlegur við lög um velferð dýra eða brotið er gegn samþykkt þessari.

9. gr.

Sjúkdómar.

Komi upp sjúkdómar eða smithætta sem að mati sóttvarnarlæknis og yfirdýralæknis geta skapað hættu fyrir heilbrigði manna, ber að hætta hænsnahaldi tafarlaust og farga fuglum í samráði við heilbrigðisnefnd.

10. gr.

Eftirlit.

Eftirlit með því að ákvæðum samþykktar þessarar sé framfylgt er í höndum heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra.

11. gr.

Pvingunarúrræði.

Um þvingunarúrræði og viðurlög við brotum gegn ákvæðum samþykktar þessarar fer samkvæmt XVII. og XIX. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

12. gr.

Gjaldtaka.

Sveitarstjórn er heimilt að setja gjaldskrá í samræmi við 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að standa straum af kostnaði vegna framfylgdar á samþykkt þessari. Í gjaldskrá eru upplýsingar um leyfis- og eftirlitsgjöld og þann kostnað sem leyfishafi skal bera og kann að hljótast af handsömun, fóðrun og hýsingu hænsnanna.

Gjöld vegna aðkomu heilbrigðisnefndar greiðast samkvæmt gjaldskrá heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra.

13. gr.

Úrskurðarnefnd.

Heimilt er að kæra stjórnvaldsákvárdanir samkvæmt samþykkt þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem starfar samkvæmt lögum nr. 130/2011. Nágranna sem verður fyrir ónæði eða óhollstu af hænsnahaldi er heimilt að leggja inn kvörtun hjá heilbrigðisnefnd með vísan til samþykktar þessarar.

14. gr.

Staðfesting og gildistaka.

Framangreind samþykkt sveitarstjórnar Skútustaðahrepps staðfestist hér með skv. 2. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 7. nóvember 2017.

F. h. r.

Kjartan Ingvarsson.

Laufey Helga Guðmundsdóttir.